

Formannafundur faghópa Rammaáætlunar

4. fundur, föstudaginn 22. maí, kl. 9:30 í umhverfisráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Fundarfrásögn

- Rammaáætlun flyst til Umhverfisráðuneytis.** Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar kemur fram að umsjón með starfi rammaáætlunar muni flytjast frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Flutningurinn mun verða samfara víðtækri stjórnkerfisbreytingu sem fyrirhuguð er 2011. Því verður engin breyting í 2. áfanga áætlunarinnar.
- Virkjunarkostir.** Guðni Jóhannesson, formaður faghóps 4, kynnti umræðu um virkjunarkosti í faghópnum og það sjónarmið orkufyrirtækja að það væri ekki á valdi rammaáætlunar að stöðva virkjanir sem þegar væru komnar í gegnum formlegan feril stjórnvalda. Þetta eigi m.a. við um fyrirhugaðar virkjanir LV í neðri hluta Þjórsár en í stjórnarsáttmála segir að þær virkjanir skuli bíða niðurstöðu rammaáætlunar. Hér væri um að ræða óheppilegt pólitískt inngrip sem gæti haft neikvæð áhrif á starf rammaáætlunar.
- Kynningarfundir hjá þingflokkum.** Þjóða skal þingflokkum upp á kynningu á stöðu rammaáætlunar. Svanfríður mun hafa samband við þingflokkaformenn. Formenn faghópanna taka þátt í fundunum.
- Lýsingar virkjunarkosta og kort.** Guðni gerði grein fyrir þeirri hugmynd að Sveinbjörn Björnsson myndi endurvinna lýsingu á virkjunarkostum, ásamt kortum, á sama hátt og raunin var í 1. áfanga og birt voru í viðaukum a1 og a2 í niðurstöðuskýrslu. Fundarmenn töldu þessa vinnu munu nýtast vel og sérstaklega kom fram mikilvægi hennar vegna vinnu faghóps 2.
- Samvinna við Landsnet.** Guðni greindi frá fyrirhugaðri samvinnu við Landsnet vegna línulagna og –stæða. Fram kom að lengd línu skiptir ekki meginmál hvað varðar hagkvæmni, heldur vega tengivirki miklu meir. Guðni kynnti einnig líklega útfærslu á mögulegum línustæðum þar sem miðað væri við „elipsu“-laga svæði út frá beinni loftlínu frá stöðvarhúsi til tengivirkis við landskerfið.
- Kynningarfundur um aðferðafræði.** Stefnt að slíkum fundi um mánaðarmótin ágúst-september.
- Skortur á útfærslu virkjana.** Fram kom sú skoðun að í þeim tilfellum þar sem ekki eru til ákveðnar útfærslur um virkjunaráformum verður aðeins mögulegt að meta viðkomandi svæði gagnvart verðmætum en ekki áhrifum virkjana.